

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Lög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af konungi 30. desember 1939, nr. 59.

Lög um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 60.

Lög um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 61.

Lög um tollskrá o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 62.

Fjárlög fyrir árið 1940, undirskrifuð af konungi 31. desember 1939, nr. 63.

Lög um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 64.

Lög um breyting á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 65.

Berklavarnalög, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 66.

Lög um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 67.

Tilskipun um veitingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama daga, nr. 68.

Bréf fjármálaráðuneytisins til Búnaðarbanka Íslands, um þing- lestrar- og stimpilgjöld af lóðarleigu og erfðafestusamningum. 216

28. nóv.

Út af fyrirspurn bankans í bréfi, dags. 2. þ. m., um það, hvernig beri að reikna þinglestrar- og stimpilgjöld af lóðarleigu og erfðafestusamningum, vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

- I. Þinglestrargjald af slíkum skjölum ber ávallt að reikna af árgjaldinu margfölduðu með áratölunni, en þó aldrei af hærri fjárhæð en árgjaldinu 25-földu.
- II. Stimpilgjald ber að reikna, sem hér segir:
 - A. Af lóðarleigu- og erfðafestusamningum, sem ekki veita rétt til að selja og veðsetja leiguréttindin, reiknast stimpilgjald þannig:
 1. Ef samningur hljóðar um árlegar greiðslur um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi, þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, þá skal reikna 25 aura af hverjum 100 krónum eða broti úr 100 krónum af árgjaldinu margfölduðu með áratölunni, þó aldrei af hærri fjárhæð en árgjaldinu margfölduðu með 25.
 2. Í öðru tilfelli en þeim, sem falla undir síðasta lið skal reikna 25 au. af hverjum 100 kr. eða broti úr 100 kr. af árgjaldinu tíföldu.
 - B. Af erfðafestusamningum, með rétti til að selja eða veðsetja, reiknast stimpilgjald þannig:
 1. Ef samningur hljóðar um árlegar greiðslur um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem á lífi eru, þegar skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, skal reikna 1% af árgjaldinu margfölduðu með áratölunni, þó aldrei af hærri fjárhæð en árgjaldinu margfölduðu með 25.
 2. Í öðrum tilfellum en þeim, sem falla undir síðasta lið skal reikna 1% af árgjaldinu tíföldu.

216
28. nóv.

Það ber að athugast, að öll þessi gjöld ber að innheimta með 40% gjaldauka.

- C. Um erfðaábúðar- og erfðaleigusamninga samkv. lögum nr. 8 1936 skal farið eftir sömu reglum og gilda um erfðafestusamninga hér að framan, að því er þinglestrar- og stimpilgjöld snertir.
- D. Ef árgjaldið er mismunandi, skal jafnan reikna stimpilgjald af meðaltali árgjaldanna þegar því verður við komið, sbr. lög 75/1921 3. gr. síðasta mgr., en til þess þarf leigutíminn að vera fyrirfram ákveðinn, annaðhvort í leigusamningnum sjálfum eða í lögum. Sé leigutíminn hinsvegar óákveðinn ber að miða við hæsta árgjald.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bóka- og handritasafnssjóð Skagfirðinga, útgefin á venjulegan hátt 2. desember 1939 að mandatum af dóms- og kirkju-málaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

217
2. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bóka- og handritasafnssjóð Skagfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bóka- og handritasafnssjóður Skagfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2378.82 framlagi frá Framfarafélagi Skagfirðinga, og með þeim skilyrðum, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samþykki að taka að sér yfirstjórn sjóðsins, og skuldbindi sig til að sjá um, að þeim skilyrðum verði fullnægt er skipulagsskráin setur.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstól sjóðsins.
2. Tekjur af fyrirlesturum, samanber 6. gr.
3. Gjafir og áheiti, er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og ávallt skal leggja $\frac{1}{5}$ vaxtanna við höfuðstólinn. Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks, þar til stjórn sjóðsins hefir keypt bankavaxtabréf eða önnur álíka trygg og arðvænleg verðbréf fyrir fé sjóðsins. — Heimilt er þó stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki sýslunefndar, að lána Sýslubókasafni Skagafjarðarsýslu af höfuðstóli sjóðsins til bókakaupa gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og gegn fullum vöxtum. — Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því:

1. Að komið verði upp bóka- og handritadeild í Sýslubókasafni Skagafjarðarsýslu, er sérstaklega lúti að viðburða- og menningarsögu héraðsins, og að í þessa deild verði safnað:
 - a. Allskonar prentuðum heimildum um sögu héraðsins.